

FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR HERJÓLFS OHF. fyrir árið 2021

Aðalfundur Herjólfs ohf. haldinn föstudaginn 5. maí 2022, kl. 17:00, í Pálsstofu í Safnahúsi Vestmannaeyja, Ráðhúströð, Vestmannaeyjum.

Mætt voru: Arnar Pétursson, stjórnarformaður, Agnes Einarsdóttir, Arndís Bára Ingimarsdóttir, Guðlaugur Friðþórsson, Páll Guðmundsson, Birna Vídó Þórssdóttir, Aníta Jóhannsdóttir, Hörður Orri Grettisson, framkvæmdastjóri, Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri Vestmannaeyja, Jóna Sigríður Guðmundsdóttir, Helga Kristín Kolbeins, Tryggvi Már Sæmundsson, Helgi Nielsen, endurskoðandi hjá KPMG, Jóhann Pétursson, lögmaður og Angantýr Einarsson, framkvæmdastjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundarstörf

Arnar Pétursson stjórnarformaður setti fundinn. Stjórnarformaður lagði til að Jóhann Pétursson yrði kjörinn fundarstjóri. Var tillagan samþykkt einróma.

Jóhann Pétursson, fundarstjóri, tók við stjórn fundarins og lagði til að Angantýr Einarsson yrði kosinn fundarritari. Samþykkti fundurinn það án athugasemda.

Fundarstjóri greindi frá því að boðað hefði verið til fundarins skv. 3. tl. samþykkta félagsins eftir að hafa kynnt sér gögn um boðunina og fundurinn væri því lögmætur. Engar athugasemdir komu fram um boðunina.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnarformanns félagsins um starfsemi síðastliðið starfsárs. Fundarstjóri upplýsti um að orðið yrði gefið laust um bæði skýrslu stjórnarformanns og ársreikning að loknum kynningum á búðum skýrslum.

Stjórnarformaður félagsins flutti skýrslu stjórnarformanns um starfsemi félagsins.

Að kynningunni lokinni þakkaði fundarstjóri stjórnarformanni félagsins fyrir kynninguna.

2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsárs ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar.

Endurskoðandi KPMG kynnti ársreikning félagsins fyrir árið 2021.

Að kynningunni lokinni þakkaði fundarstjóri fulltrúa KPMG fyrir kynninguna.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Bæjarstjóri, sem hluthafi félagsins, kvaddi sér hljóðs og þakkaði stjórn og framkvæmdastjóra Herjólfs ohf. fyrir góð störf á undanförnum mánuðum. Ljóst er að stjórn og starfsfólk hefur þurft að takast á við margar erfiðar áskoranir á vandasönum tínum í rekstri félagsins.

Hluthafi óskaði eftir því við framkvæmdastjóra Herjólfs ohf. að koma þakklæti til starfsfólks félagsins fyrir þeirra þátttöku í endurskipulagningu reksturs félagsins, m.a. með því að taka á sig skerðingu á starfshlutfalli meðan á erfiðasta tímanum gekk í rekstri félagsins.

Hluthafi færði jafnframt stjórnarformanni þakkir fyrir yfirferð skýrslunnar.

Aðrir kvöddu sér ekki hljóðs um skýrslu stjórnarformanns og ársreikning 2021.

Fundarstjóri lagði ársreikninginn fram til samþykktar og var hann samþykktur án athugasemda.

3. Starfskjarastefna stjórnar kynnt og tekin til samþykktar.

Fundarstjóri kynnti skýrslu um starfskjarastefnu Herjólfs ohf. Samþykkt var ný starfskjarastefna á aðalfundi félagsins árið 2020 og engar tillögur um breytingar bárust fyrir þennan aðalfund. Starfskjarastefna Herjólfs ohf. er því óbreytt milli ára.

Fundarstjóri gaf orðið laust um þennan þátt dagskrár, en enginn tók til máls.

Óbreytt starfskjarastefna samþykkt af hálfu hluthafa.

4. Tekin ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.

Tillaga liggur fyrir frá hluthafa um að þóknun til stjórnarmanna verði óbreytt milli ára.

Tillagan var samþykkt án athugasemda.

5. Tekin ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.

Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar félagsins um að ekki verði greiddur út arður til hluthafa á árinu, en að öðru leyti vísað til ársreiknings um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárréikningum.

Til útskýringar:

Hlutafé félagsins í árslok 2021 nam 150 m.kr. Hlutaféð er í eigu Vestmannaeyjabæjar.

Í árslok 2020 var eignarhlutur Vestmannaeyjabæjar færður niður að fullu í ársreikningi sveitarfélagsins, þar sem eigið fé Herjólfs ohf. var neikvætt vegna tapreksturs. Í árslok 2021 var eigið fé Herjólfs ohf. hins vegar jákvætt og stóð því riflega undir bókfærðu verði eignarhlutarins. Óbein niðurfærsla fyrra árs var því í bókum bæjarins leyst upp og færð til hækknunar í efnahagsreikningi og til tekna í rekstrarreikningi Vestmannaeyjabæjar. Með því er búið að leiðréttu neikvætt hlutafé Herjólfs ohf. gagnvart eiganda félagsins.

Tillagan var samþykkt án athugasemda.

6. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins.

Engar tillögur hafa borist um breytingar á samþykktum félagsins.

7. Kosning stjórnar

Samkvæmt 42. gr. samþykktar um stjórn Vestmannaeyjabæjar og fundarskóp Vestmannaeyjabæjar nr. 991/2020, skipar bæjarstjórn aðal- og varamenn skv. samþykktum Herjólfs ohf.

Á fundi bæjarstjórnar sem haldinn var 5. maí sl., ákvað bæjarstjórn að skipa eftirtalda einstaklinga í stjórn Herjólfs ohf:

Aðalmenn

Pál Scheving, í stað Arnars Péturssonar
Guðlaug Fiðrþórsson
Agnesi Einarsdóttur
Helgu Kristínu Kolbeins, í stað Arndísar Báru Ingimarsdóttur
Sigurberg Ármanнsson, í stað Páls Guðmundssonar

Varamenn

Rannveigu Ísfjörð, í stað Anítu Jóhannsdóttur
Sæunni Magnúsdóttur, í stað Birnu Vídó Þórssdóttur

Skipan stjórnar var borinn upp til atkvæða og var samþykkt einróma.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Bæjarstjóri, sem hluthafi félagsins, kvaddi sér hljóðs og óskaði nýrri stjórn til hamingju með kosninguna og velfarnaðar í þeim verkefnum sem framundan eru. Jafnframt þakkaði bæjarstjóri fráfarandi stjórnarmönnum fyrir framlag þeirra og óeigingjarna vinnu undanfarin ár, þ.e. þeim Arnari Péturssyni, sem gegndi stjórnarformennsku, Páli Guðmundssyni, aðalmanni, Arndísí Báru Ingimarsdóttur, aðalmanni, Anítu Jóhannsdóttur, varamanni og Birnu Vídó Þórssdóttur varamanni.

Arndís Bára Ingimarsdóttir, aðalmaður í stjórn Herjólfs ohf., kvaddi sér jafnframt hljóðs og þakkaði stjórninni gott samstarf. Auk þess óskaði hún nýrri stjórn velfarnaðar í starfi.

8. Kosning endurskoðenda

Tillaga barst frá stjórn um að KPMG, Borgartúni 27, Reykjavík, verði endurkjörið sem endurskoðendafyrirtæki félagsins og var tillagan samþykkt einróma.

9. Önnur mál sem borin hafa verið löglega fram eða fundurinn samþykkir að taka til meðferðar.

Engin slík mál hafa borist.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 17:51

Fundargerð ritaði Angantýr Einarsson

Hluthafi felur fundarstjóra og ritara að ganga frá fundargerð til samþykkta og undirritunar.



Fundarstjóri



Angantýr Einarsson
Fundarritari